

# FARSÆLDARRÁÐ AUSTURLANDS

1. FUNDUR 15. JANÚAR 2026

## HALDIN Á TEAMS

**Mættir voru:** Anna Alexandersdóttir, Sviðstjóri Velferðar hjá Múlaþingi; Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Fræðslustjóri Múlaþingi; Líneik Anna Sævarsdóttir, Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu Fjarðabyggð; Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, Stjórnandi félagsþjónustu Fjarðabyggð; Þórhildur Sigurðardóttir, Verkefnastjóri frístunda- og æskulýðsmála Vopnafirði; Kjartan Benediktsson, Sveitastjórnarmaður Fljótsdal, Jónína Óskarsdóttir, Fagstjóri Heilsugæslusviðs HSA; Kristján Ólafur Guðnason, Yfirlögregluþjónn á Austurlandi; Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Svæðisfulltrúi ÍSÍ/UMFÍ; Guðný Björg Guðlaugsdóttir; Áfangastjóri VA; Ina Berglind Guðmundsdóttir, Ungmennaráði Múlaþingi og í hennar stað kom varamaður Raket Wium, fulltrúi Ungmennaráðs í Múlaþingi; Maryam Luay George, Ungmennaráði Fjarðabyggð; Björg Eyþórsdóttir, Foreldraráð Múlaþingi; Aldís Anna Sigurjónsdóttir, Foreldraráð Fjarðabyggð; Sara Elísabet Svansdóttir, foreldráð Vopnafjarðarskóla; Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Verkefnastjóri Farsældarráðs á Austurlandi. Árni Ólason, Skólameistari ME og Alexandra Björt, Ungmennaráði Vopnafjarðar, voru fjarverandi

## Dagskrá Fundar

- Kynning á markmiði hlutverki og tilgangur farsældarráðs
- Farið yfir erindisbréf farsældarráðs
- Farið yfir verklag farsældarráðs
- Kosning formanns og varaformans farsældarráðs
- Framkvæmdahópur ráðsins skipaður
- Vinna ráðsins næstu misseri rædd og tímalína skipulögð
- Önnur mál

1. **Kynning á markmiði hlutverki og tilgangur farsældarráðs.** Farið var yfir 5. gr. laga nr. 86/2021 sem kveður á um hlutverk farsældarráðs og skipan þess. NHG kynnti Grunnstoðir farsældar, sem allri vinnu ráðsins er ætlað að byggja á, ásamt undirflokkum þeirra: menntun, lífsgæðum og félagslegri stöðu, heilsu og vellíðan, öryggi og vernd, auk þátttöku og félagslegra tengsla. Aðgerðaráætlun farsældarráðs til fjögurra ára skal endurspeglar þessar fimm grunnstoðir. Fram kom að grunnstoðir farsældar eru byggðar á niðurstöðum Farsældarþings sem haldið var haustið 2023 og eru hluti af stefnumótun ríkisins í málefnum farsældar barna. Samantekt af þinginu er aðgengileg á Teamssvæði farsældarráðs og fundarmenn eru hvattir til að kynna sér efnið. Einnig var farið yfir drög að þingsályktun um stefnu um farsæld barna, þar sem sex megináherslur eru skilgreindar: jafnræði barna og fjölskyldna, barnvæn nálgun og þátttaka barna, stuðningur við börn og fjölskyldur, fræðsla og forvarnir, öflugur mannauður í þjónustu við börn, og traust og heildstæð gögn til grundvallar ákvarðanatöku. Lagt var áherslu á að tengja þessa vinnu við Sóknaráætlun Austurlands með það að markmiði að móta heildstæða aðgerðaráætlun í þágu barna og fjölskyldna á svæðinu.
2. **Farið yfir erindisbréf farsældarráðs.** Farið var yfir erindisbréf farsældarráðs þar sem hlutverk fulltrúa ráðsins er skilgreint. Áhersla er lögð á að vinna að aðgerðaráætlun í samræmi við niðurstöður Farsældarþings og stefnu stjórnvalda í málefnum farsældar barna. Verkefni ráðsins er jafnframt að rýna og nýta fyrirliggjandi gögn um stöðu barna á Austurlandi sem grundvöll ákvarðanatöku. Í erindisbréfinu er lögð áhersla á samvinnu og samþættingu þjónustu við börn við mótun aðgerðaráætlunar sem endurspeglar áskoranir og tækifæri svæðisins. Áætlunin skal vera sett fram á skýran hátt með mælanlegum markmiðum, skilgreindum aðgerðum og skýrum tilgangi.

Einnig kemur fram að farsældarráð skuli eiga markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu á svæðinu

3. **Farið yfir verklag farsældarráð.** NHG fer yfir skjal um verklag farsældarráðs ([sjá hér](#)). Boðið var upp á umræður en það komu ekki fram athugasemdir við það.
4. **Kosning formanns og varaformanns.** Samkvæmt verklagsreglum farsældarráðs var kosning formanns og varaformanns tekin fyrir á fyrsta fundi ráðsins. NHG lagði til að Anna Alexandersdóttir, sviðsstjóri velferðarmála hjá Múlaþingi, yrði kosin formaður farsældarráðs og að Lína Anna Sævarsdóttir, stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu í Fjarðabyggð, yrði kosin varaformaður, var tillagan samþykkt samhljóða fyrir tímabilið 2026–2028.
5. **Framkvæmdahópur ráðsins skipaður.** Samkvæmt verklagsreglum farsældarráðs var skipan framkvæmdahóps tekin fyrir. NHG lagði til að skipun hópsins yrði frestað á þessu stigi og að allt ráðið ynni í sameiningu fyrstu skrefin í söfnun og yfirferð gagna til að tryggja upplýsta ákvörðunartöku við mótun aðgerðaráætlunar. Að þeirri vinnu lokinni gæti ráðið falið framkvæmdahópnum afmörkuð verkefni milli funda. Rökstuðningur tillögunnar var að með þessu móti næðist betri yfirsýn og samstaða í upphafi vinnunnar. Tillagan var samþykkt. Í kjölfarið sköpuðust umræður um skipan framkvæmdahóps þegar að því kæmi. Fulltrúum sveitarfélaganna Múlaþings og Fjarðabyggðar var falið að tilnefna fulltrúa í hópinn í samræmi við verklagsreglur, bæði fulltrúa sveitarfélagsins og fulltrúa ungmenna, foreldra og/eða starfsmanna félagsmiðstöðva.
6. **Vinna ráðsins næstu misseri rædd og tímalína skipulögð.** Rætt var um næstu skref í vinnu farsældarráðs sem felast í yfirferð fyrirbyggjandi gagna um stöðu barna á Austurlandi. Jafnframt var rætt hvort þörf væri á frekari upplýsingum eða samtali við tiltekna aðila til að tryggja að allar nauðsynlegar staðreyndir liggi fyrir áður en hafist er handa við forgangsröðun aðgerða. Lagt er upp með að móta fjögurra ára aðgerðaráætlun í samræmi við grunnstoðir farsældar, með sérstakri áherslu á forvarnir, fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir sem byggja á gögnum og eru settar fram með mælanlegum markmiðum. Fundarmenn voru hvattir til að kanna hvort upplýsingar eða gögn í þeirra nærumhverfi gætu nýst ráðinu og hafa samband við NHG ef svo væri. Ákveðið var að óska eftir kynningum frá lögreglu, heilbrigðisstofnun, skólaþjónustu, félagsþjónustu og íþróttahreyfingunni á næstu tveimur fundum. NHG mun hafa samband við fulltrúa þessara aðila í ráðinu til að skipuleggja kynningararnar.
7. **Umræður.** Fundarmenn fóru yfir það sem þeir telja helstu áskoranir í þjónustu við börn á Austurlandi. Þar kom m.a. fram að skortur væri á samræmingu í þjónustu fagaðila, ásamt skorti á fagfólki, fjölbreytni sérþekkingar og tækifærum til markvissrar þekkingaruppbyggingar. Lögð var áhersla á að þekking væri ekki alltaf til staðar innan kerfisins og að mikilvægt væri að vinna sameiginlega að því að þróa lausnir og efla þekkingu. Rætt var um takmarkað framboð úrræða fyrir börn með andlegar og flóknar áskoranir, auk langra biðlista, sem og áskoranir við eftirfylgni í heimahéraði eftir greiningar. Jafnframt voru nefnd tækifæri sem felast í góðri samvinnu á svæðinu og vonir bundnar við að farsældarráð styrki samstarf enn frekar, meðal annars með þátttöku íþróttahreyfingarinnar. Áhyggjur komu fram af samfélagsmiðlanotkun og tækniframförum, miklu áreiti í daglegu lífi barna og minnkandi samveru barna og foreldra. Einnig var rætt um skort á yfirsýn og eftirfylgni í frístundastarfi barna, minnkandi íþróttaiðkun, brottfall barna úr tótmundastarfi og mikilvægi inngildingar barna með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn. Lagt var áherslu á að skoða þurfi aðstöðumun ungmenna til náms í landsfjórðungnum, þar sem kostnaður og aðstæður við nám utan heimabyggðar geti skapað ójöfnuð. Þá var rætt um mikilvægi snemmihlutunar og einstaklingsmiðaðrar nálgunar gagnvart börnum sem sýna áhættuhegðun, meðal annars með virkri þátttöku í íþrótt- og tótmundastarfi eða sjálfboðastarfi. Að lokum komu fram áhyggjur af miklu álagi á starfsfólk í þjónustu við börn, sem geti haft áhrif á eftirfylgni, og



aukinni kröfu á sjálfboðaliða í barna- og unglingastarfi, sem geri erfiðara að fá fólk til starfa. Lagt var til að farsældarráð taki þessar áskoranir til frekari skoðunar í áframhaldandi vinnu.

8. **Vinnan framundan.** Tillaga kom fram um að þjónustuveitendur á svæðinu myndu á næstu tveim fundum taka saman stöðu hjá sínum stofnunum og fræða okkur um þróun, áskoranir og verkefni sem þau sjá fyrir sér

9. **Önnur mál**

a. **Samvinna SAK og þjónustuveitenda á Austurlandi.** Farsældarráði barst erindi þar sem lýst er áhyggjum af skertum stuðningi við fagfólk og börn í viðkvæmri stöðu á Austurlandi í kjölfar breytinga á starfsemi BUG-teymis, sem flutt var til HSN. Óskað er eftir að ráðið komi þessum áhyggjum á framfæri við ráðamenn ríkis og sveitarfélaga. Farsældarráð tók málið til umræðu og samþykkti að að lokinni greiningu á helstu áskorunum verði metið hvort tilefni sé til að senda ályktun til viðeigandi stjórnvalda.

b. **Skipan fulltrúa foreldra í farsældarráð.** Rætt var um skipan foreldra í farsældarráð, m.a. hvort tryggja ætti fulltrúa frá mismunandi skólastigum og lengd setu foreldra í ráðinu. Niðurstaða umræðna var að skipan foreldra væri á ábyrgð sveitarfélaga hverju sinni, óháð skólastigi. Lagt var þó til að foreldri sæti í ráðinu í lengri tíma, að lágmarki tvö ár, til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

c. **Skipan fulltrúa ungmennaráða í farsældarráð.** Umræður um skipan fulltrúa Ungmennaráðs í farsældarráð voru á svipuðum nótum og um skipan foreldra. Niðurstaðan var að skipan væri á ábyrgð hvers sveitarfélags. Lögð var áhersla á að þeir sem tilnefndir eru frá Ungmennaráði hafi tækifæri til að sitja í ráðinu í a.m.k. eitt skólaár, helst tvö, til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

10. **Næsti fundur.** Umræða var um fundartíma og fimmtudagar henta illa, best væri að það væru mánudagar milli 14-16 rætt um 2-9 og 16 febrúar og ekki er alveg komið á hreint hvaða dagur verður fyrir valinu en fundarboð verður sent út sem fyrst.

Fundi slitið kl. 16.

Nína Hrönn Gunnarsdóttir ritaði fundargerð

